



Gjaldskrár 2021

Í forsendum fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar var lagt til að gjaldskrárhækkanir yrðu að hámarki 2,5% í samræmi við lífskjarasamninga 2020-2021.

Hér að neðan eru teknar saman þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á hverri gjaldskrá fyrir sig:

Fasteignagiöld (inniheldur útsvar og reglur um afslætti)

Breyting verður á fasteignaskatti til lækkunar á íbúðarhúsnæði (úr 0,625% í 0,56%), annað óbreytt, sjá sérstaklega minnisblað fjármálastjóra dags. 13. nóvember 2020. Lækkun vegna mikillar hækkunar fasteignamats á íbúðarhúsnæði.

Fræðslumál

Á 420. fundi fræðslunefndar, dags. 22. október 2020, var eftirfarandi bókað:

Kynnt drög að gjaldskrá skólasviðs Ísafjarðarbæjar frá 1. janúar 2021.

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að gjaldskrá skólasviðs hækki í samræmi við lífskjarasamninga.

Hafnir Ísafjarðarbæjar

Á 215. fundi hafnarstjórnar, dags. 15. október 2020, var eftirfarandi bókað:

Lögð fram drög að gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021.

Hafnarstjórn samþykkir gjaldskrá með að meðaltali 2,5% hækkun 2021 skv. lífskjarasamningi, nema rafmagn til endursölu hækkar í samræmi við gjaldskrárhækkun orkusala og aflagjald óbreytt, 1,58%.

Hafnarstjórn vísar gjaldskrá til umræðu í bæjarráði.

Á 217. fundi hafnarstjórnar, þann 8. desember 2020, var samþykkt breytt gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar 2021, og vísað til samþykktar í bæjarstjórn.

Breytingar voru gerðar á þjónustugjaldskrá II. kafla, n.t.t. 9. gr. um gjald fyrir rafmagn, en rafmagnsmælum var skipt upp í fleiri flokka og sett upp lágmarksgjald, sett var upp lágmarksgjald vegna hafnsögu í 10. gr., sett var upp og skilgreint fast mánaðargjald, lágmarksgjald, vegna sorphirðu, og skilgreindir voru útkallstaxtar vegna vogargjalda í 16. gr. Að lokum var orðalagi 19. gr. breytt þannig að innheimta færi fram hjá innheimtustjóra, eins og raunin er, en ekki hjá hafnarstjóra.

Íþróttamannvirki

Gjaldskrá um íþróttamannvirki hefur verið uppfærð frá grunni, skv. minnisblaði fjármálastjóra, dags. 1. desember 2020.

Íþrótt- og tómstundanefnd lagði til á 217. fundi sínum, þann 2. desember 2020, að breyta afslætti á árskortum á skíðasvæði úr 20% í 50% fyrir einstaklinga með virkt árskort í sundi sem fjármálastjóri lagði til í minnisblaði.

Afsláttur á árskortum kemur í staðinn fyrir súperpassa sem detta út úr gjaldskrá 2021. Lagt er til sérverð fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega á árskort í sundi.

Íþrótt- og tómstundanefnd lagði við bæjarráð að samþykkja gjaldskrá íþróttamannvirkja fyrir árið 2021, og bæjarráð vísaði gjaldskránni til seinni umræðu í bæjarstjórn, á 1134. fundi sínum þann 14. desember 2020.

Slökkvilið

Á 546. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, dags. 28. október 2020, var eftirfarandi bókað:

Kynnt er gjaldskrá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021, sem tilheyrir þeim gjaldskráum sem heyra undir umhverfis- og eignasvið.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á gjaldskráum umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021. Gjaldskrár miðast við hækkun sem er ekki umfram 2,5% skv. lífsskjarasamningi og vísar nefndin gjaldskrá slökkviliðs til umræðu í bæjarráði.

Sorpgjöld

Samkvæmt tillögu fjármálastjóra að gjaldskrá vegna sorpgjalda er lagt til að hækkun verði um 15%. Á þann hátt ætti sorphirða að standa undir sér.

Á 101. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar 10. nóvember 2020 var eftirfarandi bókað:

Á fundi bæjarráðs nr. 1129 þann 9. nóv 2020, var rætt um að fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði hækki um 3%, á meðalheimili, að tiltekinni hækkun á fasteignamati. Jafnframt rætt um að sorpgjald standi undir kostnaði, með hliðsjón af bókun bæjarráðs er lögð fram gjaldskrá umhverfis- og eignasviðs vegna sorphirðu fyrir árið 2021.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur undir bókun bæjarráðs og vísar gjaldskrá vegna sorphirðu fyrir árið 2021 til samþykktar í bæjarstjórn.

Söfn Ísafjarðarbæjar

Á 153. fundi atvinnu- og menningarmálanefndar, dags. 17. september 2020, var eftirfarandi bókað:

Lögð fram gjaldskrá fyrir söfn Ísafjarðarbæjar 2020, vegna endurskoðunar fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2021.

Atvinnu- og menningarmálanefnd telur rétt að hækka gjaldskrá í samræmi við lífsskjarasamninga, eða um 2,5%. Nefndin felur starfsmanni að uppfæra gjaldskrá í samræmi við þetta og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

Umhverfis- og eignasvið

Eftirfarandi gjaldskrár eiga hér undir, og hafa þær allar verið hækkaðar um 2,5%:

- Áhaldahús
- Búfjáreftirlit
- Dýrahald (hunda- og kattahald)
- Fráveita

- Gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld
- Skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi
- Tjaldsvæði
- Vatnsveita

Á 1130. fundi bæjarráðs var gjaldskrá vegna vatnsveitu vísað aftur til bæjarstjóra, vegna tillagna um afsláttarkjör fyrir stórnotendur. Afsláttarkjör hafa nú verið útfærð í gjaldskrá.

Almennt gjald er nú 48 kr./m³ fyrir fyrstu 150.000 m³. Afsláttarkjör verða svo 10%-60%, eftir notkun.

Á 545. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, dags. 14. október 2020, var eftirfarandi bókað:

Kynntar eru gjaldskrár fyrir árið 2021 frá umhverfis- og eignasviði. Skipulags- og mannvirkjanefnd skal taka afstöðu til gjaldskrár varðandi :

Gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld

Skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á gjaldskrá umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021. Gjaldskrár miðast við hækkun sem er ekki umfram 2,5% skv. lífsskjarasamningi og vísar nefndin gjaldskrár til umræðu í bæjarráði.

Á 100. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, dags. 13. október 2020, var eftirfarandi bókað:

Kynntar eru gjaldskrár umhverfis- og eignasviðs fyrir árið 2021. Umhverfis- og framkvæmdanefnd skal taka afstöðu til gjaldskrár varðandi:

Sorpmál

Búfjáreftirlit

Fráveitu

Dýrahald

Tjaldsvæði

Vatnsveitu

Áhaldahús

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila breytingar á gjaldskrá umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2021.

Gjaldskrár miðast við hækkun sem er ekki umfram 2,5% skv. lífsskjarasamningi og vísar gjaldskrár til umræðu í bæjarráði.

Velferðarsvið

Á 453. fundi velferðarnefndar, dags. 5. nóvember 2020, var eftirfarandi bókað:

Gjaldskrá velferðarsviðs 2021 lögð fram til kynningar.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að gjaldskrá veðri samþykkt með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Meðal annars er lagt til að kostnaður við sálfræðipjónustu verði óbreyttur.

Gjaldskrá uppfærð miðað við breytta þjónustu, hækkun 2,5%, nema fargjald, sem ekki hefur verið hækkað lengi.